

## KJARASAMNINGUR

Skýrr hf.  
og

Rafiðnaðarsambands Íslands  
vegna starfsmanna í fjarskiptastöðinni í Grindavík

### 1. gr.

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### 2. gr.

Eftir samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 60.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. desember 2011.

### 3. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011:	9,00%.
1.2. 2012:	3,50%.
1.2. 2013:	3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum. Launaflokkur I er felldur brott. Nýir starfsmenn fara í Launaflokk II, með eins árs starfsreynslu.

Þann 1. febrúar 2014 skulu laun að auki hækka um 2,5%, en þessi hækkun skal falla inn í upphafshækkun við endurnýjun kjarasamnings þessa og verður þá upphafshækkun þess kjarasamnings sem við tekur 2,5% lægri en ella hefði orðið.

### 4. gr.

#### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 82.775.

Á árinu 2012 kr. 85.672.

Á árinu 2013 kr. 88.456.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 82.775.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 85.672.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 88.456.

#### Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

RS

QMP

ES

## 5. gr.

### Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti sannings þessa:

- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

## 6. gr.

### Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á sanningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

## 7. gr.

### Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. nóvember.

Reykjavík, 4. Nóvember, 2011

F.h. Skýrr hf.



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



### Yfirlýsing vegna fæðismála

Skýrr hf. lýsir því yfir að félagið er tilbúið til viðræðna við starfsmenn um fyrirkomulag fæðismála, þ.e. hvort boðið verði upp á aðkeyptan mat á sömu kjörum og gildir á öðrum starfsstöðvum Skýrr eða að Skýrr greiði hræfniskostnað vegna matarkaupa.

### Yfirlýsing vegna viðbótarmenntunar

Skýrr hf. hefur þá almennu stefnu að meta viðbótarmenntun til launa sem sannarlega leiðir til aukins hagræðis og ávinnings fyrir félagið. Starfsmenn í fjarskiptamiðstöðinni í Grindavík hafa þannig sömu möguleika og aðrir starfsmenn Skýrr til að óska eftir viðtali um starfskjör sín hafi þeir aflað sér slíkrar viðbótarmenntunar, sér í lagi ef viðbótarmenntun starfsmanns getur komið í stað aðkeyptrar þjónustu.